



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 3. maí 2017

1605165SA GH
Málalykill: 02.31

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar, 378. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 6. apríl 2017, um beiðni um umsögn um ofangreint mál. Samband íslenskra sveitarfélaga átti fulltrúa í undirbúningsnefndinni og styður framlagða þált.

Sambandið bendir á að að loknum sveitarstjórnarkosningum, sbr. 5. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/202 skal velferðarráðherra leggja fyrir Alþingi framkvæmdaráætlun á sviði barnaverndar og skal áætlunin gilda til 4 ára. Tilfni er til að gagnrýna hversu seint vinnan við þessa framkvæmdaáætlun fór af stað þar sem að þeirri vinnu lokinni gildir áætlunin ekki nema til eins árs, eða til næstu sveitarstjórnarkosninga sem verða árið 2018.

Sambandið er fylgjandi breyttu verklagi velferðarráðuneytisins þar sem sambandinu ásamt fleiri hagsmunaaðilum er boðin bein aðkoma að vinnu við þált. enda mikilvægt að tryggja aðkomu sem fyrst í ferlinu vegna hlutverks sveitarfélaga í málaflokknum.

Sambandið bendir á að mikilvægt er að áfram sé unnið að því að bæta þjónustu og samstarf ríkis og sveitarfélaga í málaflokknum í samræmi við skýrslu Ríkisendurskoðunar *Staða barnaverndarmála á Íslandi* frá maí 2015. Í skýrslunni kom m.a. fram það mat Ríkisendurskoðunar að yfirstjórn velferðarráðuneytis í málaflokknum hafi verið veik og að stefnumótunar- og eftirlitshlutverki hafi ekki verið sinnt með fullnægjandi hætti. Gildistími framkvæmdaáætlana hafi verið of skammur til að þær hafi haft raunveruleg áhrif og nýst sveitarfélögum við stefnumótun sína. Var þeim ábendingum beint að velferðarráðuneyti að ráðuneytið beitti sér fyrir góðu samstarfi barnaverndaryfirvalda og endurskoðaði vinnulag við gerð og framlagningu framkvæmdaáætlunar.

Að því er varðar efni þált. þá fagnar sambandið þeim áherslum sem fram koma í lið A í framkvæmdaáætlun. Telur sambandið mjög brýnt að áfram verði unnið að stofnun nýs meðferðarheimilis fyrir unglinga á höfuðborgarsvæðinu enda mikilvægt að bæta við úrræði fyrir unglinga sem eru metnir í mikilli áhættu vegna hegðunar- og/eða vímuefnavanda. Verður þá jafnframt til staður þar sem ungmenni geta afplánað óskilorðsbundna fangelsisdóma og setið í gæsluvarðhaldi í lausagæslu, enda þörfin mikil og benti Ríkisendurskoðun í skýrslu sinni á mikilvægi þess að bæta úrræði fyrir þennan hóp. Er sambandið fylgjandi því að hið nýja meðferðarheimili muni m.a. byggjast á aðferðum norræna meðferðarmódelisins MultifunC enda benda niðurstöður rannsókna til að árangur slíkra meðferðarheimila sé betri en hefðbundinna meðferðarstofnanna. Jákvætt er að lögð er áhersla á opið samband við nærhverfi og heimaumhverfi og að stuðst sé við viðurkenndar aðferðir við hegðunarmótun og aðlögun og að eftir lok vistunar geti ungmenni fengið frekari meðferð í heimaumhverfi.

svo sem varðandi greiningar og meðferð. Mikilvægt er að sporna gegn þróun að skil milli ráðgjafar annars vegar og meðferðar og þjálfunar hins vegar máist út. Hafa verði í huga að þjónustuskyldur ríkisins og stofnana nái til þess að veita börnum og ungmennum meðferð og þjálfun, m.a. vegna þroskafrávika og hegðunarvanda og tryggja aðkomu heilbrigðisstarfsfólks þar sem þörf krefur.

Að lokum þá er sambandið reiðubúið að vinna áfram og enn frekar að málaflokknum í samstarfi við ríkið til að ná sem best fram markmiðum barnaverndar.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri